

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 39, 17. janúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 8. janúar 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **Rafveitu Vestmannaeyja.**

#### **I. RAFORKA**

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### **A. Almenn notkun.**

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilsnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald kr. 4,52 kWh

Fastagjald kr. 1 775,00 a

Þessi liður kemur í stað liða A1, A2, A3, A6, B1, C1 og F1 í fyrri gjaldskrá, og getur verið skráður þannig á reikningum.

#### **C. Afl- og orkumæling.**

C2 Um kW-kWh-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald 7 354,00 kr/kW/a

Orkugjald:

0—2500 kWh/kW 2,33 kr/kWh

2500—4000 kWh/kW 1,48 kr/kWh

Yfir 4000 kWh/kW 0,75 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mest 15 mínútna meðaláglag ársins.

Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmeald, þá greiðist ekki verðjöfnunargjald og sölugjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

**D. Hitun.**

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án sölu- og verðjöfnunargjalds).

Orkugjald 1,40 kr/kWh  
 Niðurgreiðsla ríkissjóðs -0,36 kr/kWh  
 Til notenda 1,04 kr/kWh  
 Fastagjald 1 775,00 kr/a

D4 Til hitunar (án sölu- og verðjöfnunargjalds).

Orkugjald 1,40 kr/kWh  
 Fastagjald 1 775,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafli og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

**F. Önnur raforkunotkun.**

F2 Orkugjald 6,54 kr/kWh

Fastagjald 1 775,00 kr/a

til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5 Aflgjald 14 800,00 kr/kW/a

af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar 14 800,00 kr/kW/a fyrir þá þjónustu.

**II. MÆLALEIGA.**

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1. Einfasa kWh-mælir	300,00 kr/a
2. Þrífasa kWh-mælir	1 330,00 kr/a
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennum	2 240,00 kr/a
4. Þrífasa kW-kWh-mælir	2 240,00 kr/a
5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum	3 570,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

**Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald <sup>1)</sup> kr/m
63 A einfasa	29 000,00	900,00
63 A þrífasa	32 000,00	900,00
100 A þrífasa	50 800,00	1 100,00
200 A þrífasa	105 000,00	1 320,00
315 A þrífasa	159 000,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	200 000,00	—
710 A þrífasa	364 000,00	—
1200 A þrífasa	618 000,00	—

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald <sup>1)2)</sup> Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	5 720,00	900,00
63 A þrífasa	7 970,00	900,00
100 A þrífasa	8 460,00	1 100,00

A merkir málstraum stofnavara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kólovoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

**IV. OPNUNARGJÖLD.**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir endurofnun kr. 712,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 712,00
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitékjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 712,00.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarkna í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarkna í loftlínuheimtaug.

**V. ÝMIS ÁKVÆÐI.**

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I. II og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrár um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 25% sölugjald, ásamt 16% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 12 8. janúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

Guðrún Skúladóttir.

**S A M Þ Y K K T**

**um breyting á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði  
nr. 236/1985.**

## 1. gr.

Eftirlitsgjöld samkvæmt 5. gr. gjaldskrár nr. 236/1985 verða sem hér segir fyrir árið 1986:

Flokkur I	kr. 5 000
Flokkur II	kr. 10 000
Flokkur III	kr. 19 000
Flokkur IV	kr. 32 000

## 2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórna á heilbrigðiseftirlitssvæði Vesturlands staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. janúar 1986.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Ragnhildur E. Þórðardóttir.